

**Úttekt á námi í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri og
rannsókn á viðhorfi útskrifaðra fjölmiðlafræðinga til námsins**

Höfundur:

Þorgeir Rúnar Finnsson

**Úttekt á námi í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri og
rannsókn á viðhorfi útskrifaðra fjölmiðlafræðinga til námsins**

Höfundur:

Þorgeir Rúnar Finnsson

Leiðbeinandi:

Birgir Guðmundsson

Ég lýsi því hér með yfir að ég einn er höfundur þessa verkefnis og að það er
afrakstur eigin rannsóknar

Þorgeir Rúnar Finnsson

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að mínum dómi kröfum til
B.A. – prófs í Hug- og félagsvísindadeild

Birgir Guðmundsson, leiðbeinandi

Þakkarorð

Ég vil þakka Birgi Guðmundssyni, umsjónarmanni námsins, og öðrum kennurum skólans fyrir fagmannlega kennslu í gegnum námið. Öllum viðmælendum og svarendum spurningalistans eru færðar bestu þakkir fyrir þátttökuna. Þá vil ég þakka Agli Níelssyni fyrir að leiða mig að hugmyndinni að verkefninu og elskulegum bróður mínum, Hólmari Erni Finnssyni, fyrir yfirlesturinn. Sindri Kristjánsson hlýtur þökk fyrir frábæra tækniaðstoð og síðast en ekki síst kann ég sambýliskonu minni, Síssu Eyfjörð Jónsdóttur, bestu þakkir fyrir dyggan stuðning og ómælda þolinmæði vegna vökunótta undir lok skrifanna.

Útdráttur

Viðfangsefni þessarar rannsóknar er að skilgreina út á hvað fjölmiðlafræðinám gengur og varpa jafnframt ljósi á hvernig þess konar námi hefur verið háttað á Íslandi hingað til, þá sér í lagi í Háskólanum á Akureyri. Einnig er markmiðið að bera það saman við sambærilegt nám í erlendum skólum og koma með tillögur að úrbótum. Enn fremur eru námi og störfum fjölmiðlafræðinga frá Háskólanum á Akureyri gerð skil sem og viðhorfi þeirra til námsins og gagnrýni þar á.

Gagnasöfnun fór annars vegar fram með hefðbundinni heimildaleit, aðallega á veraldarvefnum, og hins vegar með spurningalista sem útskrifaðir fjölmiðlafræðingar, sem og lokaársmennar í faginu, svöruðu. Meðal helstu niðurstaðna má nefna að þörf er á að skilgreina betur hvað fjölmiðlafræði er og hvar mörkin milli fjölmiðlafræði og blaðamennsku liggja. Fjölmarginir möguleikar eru fyrir hendi varðandi framtíðaruppbyggingu fjölmiðlafræðináms við Háskólann á Akureyri en nauðsynlegt er að vera vakandi fyrir nýjungum og breytingum í náminu til að halda því fersku og spennandi. Mikil þörf er á að auka við fjölmiðlarannsóknir hérlandis en til þess þarf aukið frumkvæði og auknar fjárveitingar af hálfu ríkisvaldsins. Þeim peningum væri vel varið að mati höfundar.

Í svörum við spurningalistanum og viðtölum við nemendur kom fram að yfirgnæfandi meirihluti nemenda sem stundað hafa nám í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri eru ánægðir með námið. Stærð bekkja, nánd við kennara og staðsetning skólans eru meðal ástæðna þess að námið er jafn vel liðið og raun ber vitni. Þótt námið sé ekki starfsmiðað blaðamennskunám hefur talsverður hluti fjölmiðlafræðinga frá skólanum starfað við fjölmiðla. Mikill meirihluti er á því að námið bjóði upp á fjölbreytta náms- og starfsmöguleika en í svörunum komu einnig fram fjölmargar tillögur að úr- og viðbótum við námið.

Abstract

The aim of this study is to define what “media studies” is and also to shed a light on how this kind of study has been taught in Iceland and, in particular, the University of Akureyri. That particular study will be compared to media studies in foreign schools, with suggestions for additions and improvements being discussed. Furthermore the jobs and further study of graduated media studies students from the University of Akureyri will be looked at and their views and criticism towards the study will be published.

Data collection was mainly done by two methods. Firstly by using normal sources, such as homepages and books, and secondly by reviewing the answers to a survey created for graduated, as well as final year, students in media studies. Amongst the main findings is that there is a need to define clearer what media studies is and where the boundaries between media studies and journalism lay. There are plenty of opportunities for the future build up of media studies in the University of Akureyri but for them to come to fruition there is an urgent need for the supervisor of the study to stay focused and open to new things and changes in the study to keep it fresh and interesting. There is also high demand for improvement in media studies researches in Iceland but for that to happen the state must precede with increased funding and initiative. Those funds would be well spent by the authors' estimation.

According to the answers to the survey and the interviews with students it is safe to say that a vast majority of the students that have studied media studies at the University of Akureyri are satisfied with the study. Class size, closeness to the teachers and the location of the school are amongst the reasons the study is so well liked. Even though the study is not “job-aimed” towards journalism a number of students have still ended up working in the media. A large majority thinks the study offers diverse study- and job possibilities. The answers also include many inputs regarding additions and refinements to the study.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Um rannsóknina.....	4
2.1 Framkvæmd.....	4
2.2 Þátttakendur.....	4
2.3 Viðtöl.....	5
2.4 Úrvinnsla gagna.....	5
3. Fjölmiðlafræði: Hvað er það og hvernig er hún kennd?.....	6
3.1 Hvað er fjölmiðlafræði?	6
3.2 Fjölmiðlafræðinám	10
3.2.1 Fjölmiðlafræðinám í Háskólanum á Akureyri.....	10
3.2.2 Fjölmiðlafræðinám í Háskóla Íslands.....	12
3.2.3 Fjölmiðlafræðimenntun í Columbia University	13
3.2.4 Fjölmiðlafræðimenntun í Syddansk Universitet.....	14
3.2.5 Fjölmiðlafræðinám í Murdoch University.....	15
3.2.6 Fjölmiðlafræðinám í Vancouver Island University	16
3.3 Samanburður	17
3.4 Í hnotskurn.....	19
3.5 Framtíðarmöguleikar fjölmiðlafræðináms á Íslandi.....	20
4. Nám og störf fjölmiðlafræðinga frá HA: Kostir og gallar námsins	22
4.1 Rannsókn meðal útskrifaðra fjölmiðlafræðinga frá HA ásamt lokaársnemum.....	22
4.1.1 Hvers vegna fjölmiðlafræði?	22
4.1.2 Störf fjölmiðlafræðinga frá Háskólanum á Akureyri	23
4.1.3 Nám fjölmiðlafræðinga frá Háskólanum á Akureyri.....	24
4.2 Kostir og gallar fjölmiðlafræðináms við Háskólann á Akureyri.....	25
4.2.1 Kostir fjölmiðlafræðináms við Háskólann á Akureyri	25
4.2.2 Gallar fjölmiðlafræðináms við Háskólann á Akureyri	30
4.3 Skiptinám og rannsóknir	31
5. Niðurstöður.....	33

6. Umræður	34
7. Heimildaskrá	36
8. Viðauki I – Spurningalisti	38

Myndayfirlit

Mynd 1: Störf fjölmiðlafræðinga frá HA skipt eftir „geirum“ atvinnulífsins.....	23
Mynd 2: Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með nám í fjölmiðlafræði við HA.....	25
Mynd 3: Hversu ánægð(ur) óánægð(ur) ert þú með litlar bekkjardeildir og nálægð við kennara í Háskólanum á Akureyri?	27
Mynd 4: Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með staðsetningu HA?	28
Mynd 5: Telur þú að fjölmiðlafræðin bjóði upp á mikla (fjölbreytta) eða litla (afmarkaða) starfsmöguleika að námi loknu?	29

1. Inngangur

Fjölmiðlafræði er, líkt og önnur félagsvísindi, tiltölulega ung fræðigrein hér á landi. Námið hefur verið kennt sem aukagrein til B.A. prófs við Háskóla Íslands undanfarna þrjá áratugi en einungis í kjölfar umræðu um menntun fjölmiðlamanna og nýja strauma í fjölmiðlafræði erlendis fyrir tæpum áratug komu fram hugmyndir um tilraunir til þess að útbúa heilt B.A. nám í greininni hérlandis (Birgir Guðmundsson, 2009). Þrátt fyrir að nú séu sex ár síðan sú námsbraut tók til starfa við Háskólann á Akureyri er umræða um fjölmiðlafræði sem fræðigrein og rannsóknir henni tengdar lítið í deiglunni. Reynsla höfundar þessa verkefnis bendir einnig til þess að vitneskja almennings um fjölmiðlafræðinámi sé afmörkuð og fjölmargir sem engin greinarskil gera á milli blaðamennsku annars vegar og fjölmiðlafræði hins vegar. Þá gætir ákveðins misskilnings meðal fræðimanna innan sjálfrar greinarinnar og ekki eru allir sammála um hvers konar nám eigi að flokka sem fjölmiðlafræði (Birgir Guðmundsson, 2002). Þessi takmarkaða vitneskja getur reynst fjölmiðlafræðideildinni við Háskólann á Akureyri fjötur um fót við uppbyggingu og þróun hennar. Rannsóknarspurningarnar sem hér eru settar fram eru þrjár:

- a) Hvernig hefur fjölmiðlafræðinámi verið háttað hér á landi í gegnum tíðina í samanburði við sambærilegt nám erlendis?
- b) Við hvað eru útskrifaðir fjölmiðlafræðingar frá Háskólanum á Akureyri að starfa, hvert hafa þeir sótt sér framhaldsnám og í hvaða greinum?
- c) Hvaða hug bera útskrifaðir fjölmiðlafræðingar til námsins?

Það er von höfundar að með því að skoða námið í samhengi við sambærilega skóla erlendis geti þessi skýrsla hjálpað til við að kynna námið betur og vonandi gert það að fýsilegri og vinsælli kosti meðal verðandi háskólanema en verið hefur.

Til að leita svara við rannsóknarspurningunum verður fyrst reynt að útskýra hvað fjölmiðlafræði er og út á hvað nám í greininni gengur. Þar á eftir verður fjölmiðlafræðinámi í skólum víðs vegar um heiminn skoðað og borið saman við það sem tíðkast hefur í Háskólanum á Akureyri. Að því loknu verða kynntar niðurstöður rannsóknar sem gerð var meðal útskrifaðra fjölmiðlafræðinga frá Háskólanum á Akureyri og tillögur að úrbótum og lagfæringum á náminu kynntar. Að lokum verða niðurstöður skýrslunnar dregnar saman og ræddar til hlítar.

2. Um rannsóknina

Hér á eftir verður fjallað um framkvæmd rannsóknarinnar, þátttakendur hennar, viðtölin og þær aðferðir sem beitt var við öflun og úrvinnslu gagna.

2.1 Framkvæmd

Rannsókn þessi skiptist í tvo aðalhluta. Sá fyrri snýr að námi í fjölmiðlafræði almennt, um hvað greinin snýst og hverjir séu framtíðarmöguleikar hennar. Einnig er í fyrri hlutanum gerð úttekt á námi í fjölmiðlafræði í nokkrum skólum og það borið saman við námið í Háskólanum á Akureyri. Í síðari hluta rannsóknarinnar eru svo kynntar niðurstöður spurningakönnunar og viðtalsrannsóknar sem gerð var meðal 31 útskrifaðra og verðandi fjölmiðlafræðinga frá Háskólanum á Akureyri. Í fyrri hlutanum var heimilda aflað með tvennum hætti. Annars vegar með hálfstöðluðum viðtölum við fræðimenn í fjölmiðlafræði sem og umsjónarmenn fjölmiðlafræðináms í Háskólanum á Akureyri og Háskóla Íslands. Hins vegar voru skoðaðar skilgreiningar í bókum og þá var upplýsinga um nám í hverjum skóla fyrir sig aflað á viðkomandi heimasíðu. Síðari hlutinn byggir á niðurstöðum rannsóknar sem gerð var meðal útskrifaðra fjölmiðlafræðinga frá Háskólanum á Akureyri ásamt lokaársnemum þar, að höfundi undanskildum. Var leitast við að nýta nútíma miðla í verkefnið og var spurningalistinn þannig sendur rafrænt í gegnum hópsíðu á samskipavefnum Facebook. Þeim sem ekki höfðu Facebook-aðgang var sendur tengill í gegnum tölvupóst. Þegar spurningalistanum hafði verið svarað voru fimm nemendur valdir af handahófi og tekin við þau hálfstöðluð viðtöl um viðhorf þeirra til fjölmiðlafræðináms við Háskólann á Akureyri og notagildi þess að námi loknu.

2.2 Þátttakendur

Þýði rannsóknarinnar samanstóð af 31 viðfangi en það eru allir þeir nemendur sem útskrifast hafa úr fjölmiðlafræðideild Háskólans á Akureyri ásamt nemendum á lokaári í faginu. Svörun spurningalistans var nokkuð góð en hún nam 87% eða 27 svarendum. Þar sem svörunin var svona há eru niðurstöður listans mjög marktækar enda endurspegla svarendurnir nánast allt

þýðið. Engum var gert skylt að svara spurningalistanum en þó voru sendar tvær ítrekanir til þess að fá sem besta svörun við honum.

2.3 Viðtöl

Eins og áður segir var heimilda fyrir þessa skýrslu aflað að miklum hluta með viðtölum, ýmist við fræðimenn, umsjónarmenn náms eða nemendur. Einnig voru upplýsingar fengnar í gegnum tölvupóstsamskipti. Í viðtölum við „fagaðila“ var einna helst spurt út í skilgreiningar þeirra á fjölmiðlafræði og hugmyndir þeirra um nýtingu og framtíðarhorfur námsins. Viðtölin við nemendur voru einna helst tekin til að varpa skýrara ljósi á það sem fram kom í svörum við spurningalistanum.

Viðmælendur voru eftirfarandi (í stafrófsröð):

Ágúst Ólafsson, svæðisstjóri Ríkisútvarpsins á Akureyri

Baldur Guðmundsson, fjölmiðlafræðingur frá HA – útskrifaður 2007

Birgir Guðmundsson, umsjónarmaður fjölmiðlafræðináms við Háskólann á Akureyri

Dagmar Ýr Stefánsdóttir, fjölmiðlafræðingur frá HA – útskrifuð 2007

Guðbjörg Hildur Kolbeins, doktor í fjölmiðlafræði

Hlynur Birgisson, fjölmiðlafræðingur frá HA – útskrifaður 2008

Hólmfríður Anna Aðalsteinsdóttir, fjölmiðlafræðingur frá HA – útskrifuð 2006

Sigrún Stefánsdóttir, doktor í fjölmiðlafræði

Sóley Björk Stefánsdóttir, verðandi fjölmiðlafræðingur frá HA

Þorbjörn Broddason, umsjónarmaður fjölmiðlafræðináms við Háskóla Íslands.

2.4 Úrvinnsla gagna

Öll viðtölin voru tekin upp á diktafón og afrituð að hluta til. Svör við spurningalistanum voru dregin saman og loks fór fram innihaldsgreining á öllu efninu og niðurstöðurnar settar fram með það að markmiði að varpa ljósi á fjölmiðlafræði almennt en ekki síður hvaða hug útskrifaðir fjölmiðlafræðingar bera til námsins við Háskólann á Akureyri.

3. Fjölmiðlafræði: Hvað er það og hvernig er hún kennd?

Í fyrri hluta þessarar rannsóknar verður skoðað hvað fjölmiðlafræði er og hvernig námi í greininni er háttað. Þá verður gerð úttekt á fjölmiðlafræðinámi í Háskólanum á Akureyri sem og nokkrum öðrum skólum víðs vegar um heiminn og þau borin saman. Enn fremur er framtíðarmöguleikum námsins velt upp.

3.1 Hvað er fjölmiðlafræði?

Áður en rennt verður yfir hvernig fjölmiðlafræði er kennd í nokkrum skólum víðs vegar um heiminn og niðurstöðurnar bornar saman við og ræddar með hliðsjón af náminu í Háskólanum á Akureyri er nauðsynlegt að skilgreina hvað fjölmiðlafræðinámi snýst um. Talsverðs misskilnings hefur gætt varðandi það hvar mörkin skulu dregin á milli fræðilegrar fjölmiðlafræði annars vegar og praktískrar fjölmiðlafræði – eða blaðamennsku – hins vegar. Klassískir skólar á borð við Journalism School í Columbia University í New York (sem fjallað verður betur um á eftir) hafa jafnvel kallað eftir nánari skilgreiningum sem greina þarna á milli og einnig er uppi umræða um hvert skuli halda í fjölmiðlanámi almennt (Birgir Guðmundsson, 2002). Fjölmiðlafræði er orð sem hingað til hefur verið notað jöfnum höndum yfir ensku fræðigreinarnar „Media Studies“, „Communication Studies“ og „Mass Communication Studies“. Blaðamennska hefur svo verið notuð yfir „Journalism“ en með samtvinningu þessara greina er hugsanlega þörf á nýjum skilgreiningum. Hér eftir verður þó orðið fjölmiðlafræði notað yfir áður nefnd hugtök nema annað sé tekið fram.

Umræðan um þessi mál hefur einnig átt sér stað hér á landi og gagnsemi og jafnvel réttmæti þess að kenna fjölmiðlafræði héraendis á stundum verið umdeild. Þannig hafa reyndir blaðamenn af „gamla skólanum“, á borð við Jónas Kristjánsson, fyrrverandi ritstjóra DV, gagnrýnt fjölmiðlafræðinámi. Í hans huga getur fjölmiðlafræðinámi, og raunar háskólanám almennt, dregið broddinn úr efnilegum fjölmiðlamönnum, þar sem að í náminu séu áherslur allt aðrar en gengur og gerist á fjölmiðlum. Með síauknu hlutfalli háskólamenntaðra fjölmiðlamanna hefur stíll miðlanna breyst að mati Jónasar og orðið einsleitari og „froðukenndari“. Jónas er harður andstæðingur alls kyns „froðusnakks“ og óþarfa í skrifum og hefur meðal annars búið til kennslubók í fjölmiðlafræði sem hann kenndi í námskeiðum í blaðamennsku við símennt

Háskólans í Reykjavík um skeið. Kennslubókin er aðgengileg á vefsvæði Jónasar, www.jonas.is, og má segja að hún sé skyldulesning fyrir alla þá sem vilja starfa við fjölmiðla (Ásgeir Tómasson, 2007; Jónas Kristjánsson, e.d.). Annar þekktur fjölmiðlamaður sem gagnrýnt hefur nám í fjölmiðlafræði hér á landi er Egill Helgason. Bloggfærsla sem hann skrifaði í september árið 2008 undir yfirskriftinni „Gagnslaus fjölmiðlafræði“ vakti talsverða athygli og varð nokkur umræða um málið í athugasemdakerfi síðunnar. Egill gagnrýndi raunar aðallega einn kennara við fjölmiðlafræðideildina vegna fyrirlesturs sem haldinn var en engu að síður lét hann orð falla eins og: „ef kenningin sem er stunduð í fjölmiðlafræði á Akureyri er í þessum dúr – ja, þá vil ég sem reyndur fjölmiðlamaður ráðleggja stúdentum að leita sér menntunar annars staðar“. Birgir Guðmundsson, umsjónarmaður fjölmiðlafræðináms við Háskólann á Akureyri, var einn þeirra sem svaraði Agli og taldi það „frekar misheppnað stílblagð hjá [honum] að fordæma fjölmiðlafræðina við HA út frá fyrirlestri fræðimanns sem hann hvorki heyrði né las en telur sig ósammála“ (Egill Helgason, 10. september 2008).

En hvað sem gagnrýninni líður er nauðsynlegt að skoða hvað fjölmiðlafræði er, hvernig hún er skilgreind og hverjar hugmyndir fræðimanna um greinina séu, til þess að hægt sé að gera úttekt á því hvernig náminu er háttað milli skóla og eftir áherslum. Á heimasíðu Háskóla Íslands er fjölmiðlafræðinámi lýst sem vettvangi kenningu og rannsókna sem sé í örum vexti. Það megi meðal annars greina af mikilli ásókn í námið og grósku í samstarfi og útgáfu fræðimanna. Þar segir einnig að hið gamla heiti fjölmiðlafræði (Mass Communication Studies eða Media Studies) sé farið að víkja fyrir nýrri skilgreiningu sem sé fjölmiðla- og boðskiptafræði (Media and Communication Studies). Er því haldið fram að þessi tilhneiging vísi til þeirra miklu breytinga sem orðið hafa – og munu verða – á háttum boðskipta í samfélaginu sem leiða einnig til þess að mörkin milli mismunandi tegunda fjölmiðlunar verði óljósari og enn fremur óskýrari línur milli fjölmiðlunar og annarra boðskiptaleiða (Háskóli Íslands [1], e.d.). Þeir hlutir sem erfitt getur verið að ákveða hvort skilgreina eigi sem fjölmiðil eru til dæmis netsamfélög á borð við Facebook og MySpace ásamt bloggsíðum. Þessar nýjungar hafa áhrif á það hvernig við skilgreinum fjölmiðil – og þar af leiðandi fjölmiðlafræði – og því ljóst að fræðimenn verða að fylgjast vel með slíkum breytingum með það að leiðarljósi að rannsaka „réttu“ hlutina.

Heimasíða Háskólans á Akureyri skilgreinir fjölmiðlafræði sem „fræðigrein sem skoðar gangvirki fjölmiðlanna sjálfra og stöðu þeirra og áhrif í samfélaginu“. Er þó skýrt tekið fram að sú fjölmiðlafræði sem kennd er við skólann nái hvoru tveggja til fræðilegra þátta almennra

félagsvísinda auk þess sem nemendum áskotnast tækifæri til þess að öðlast færni í notkun helstu fjölmiðlagátta samtímans í gegnum praktísk námskeið. Þessi samtvinnun, sem er að fordæmi helstu háskóla á Vesturlöndum, er ekki síst sögð eftirsóknarverð og mikilvæg í ljósi sífelldra samfélagsbreytinga samfara upplýsingabyltingunni og síhækkanda menntunarstigi (Háskólinn á Akureyri, e.d.). Lýsing þessi er komin frá Birgi Guðmundssyni sem bætir við (munnleg heimild, 3. apríl. 2009) að fjölmiðlafræðin fjalli um innra samspil fjölmiðla, hreyfiafl þeirra, uppbyggingu og vinnubrögð eftir mismunandi miðlum ásamt ytra samspili við umhverfið og samfélagið. Ytra samspilið snýr ekki síst að áhrifum miðlanna á lýðræði og almennt þjófélagsskipulag og þá er í fræðigreinininni rannsakað hvernig fjölmiðlarnir móta mannlífið en jafnframt hvernig mannlífið mótar fjölmiðlana.

Guðbjörg Hildur Kolbeins er með doktorsgráðu í fjölmiðlafræði (Mass Communication Studies) frá University of Wisconsin. Hún gagnrýnir harkalega að talað sé jöfnum höndum um það sem hún kallar hagnýta fjölmiðlun annars vegar og fjölmiðlafræði hins vegar. Vill hún meina að það nám sem boðið er uppá í Háskólanum á Akureyri sé í raun ekki fjölmiðlafræði þar sem fræðilegur grunnur námsins sé ekki nægjanlegur. Hún segir fjölmiðlafræði vera þverfaglega fræðigrein þar sem greinar á borð við mannfræði og sálfræði geti nýst við rannsóknir á innihaldi fjölmiðla og áhrifum þeirra á fólk. Fjölmiðlafræðin nýti þannig rannsóknaraðferðir annarra félagsvísinda til þess að skoða tiltekið viðfangsefni sem snýr að fjölmiðlum (Guðbjörg Hildur Kolbeins munnleg heimild, 3. apríl 2009).

Sigrún Stefánsdóttir, dagskrárstjóri Rásar 1 og 2, er sömuleiðis doktor í fjölmiðlafræði (Communication Studies - sem raunar hefur einnig verið þýtt sem boðskiptafræði). Hún segir að nokkuð skiptar skoðanir séu um það hvað fjölmiðlafræði sé og hvernig hana eigi að kenna. Mörkin milli „vísinda“ annars vegar og „fags“ hins vegar séu óljós en í gegnum hennar námsferil hafi hún fengið að upplifa svolítið af hvoru tveggja. Hún segir fjölmiðlarannsóknir og hina „teorísku“ hlið fræðinnar gegna nauðsynlegu hlutverki og að þótt hún sjálf starfi ekki við rannsóknir á fjölmiðlum og áhrif þeirra á samfélagið þá skilji hún mikilvægi þeirra fyrir hvort tveggja samfélagið og fjölmiðlana sjálfa. Sigrún bætir við að í sínu námi hafi hún fundið fyrir ákveðinni togstreitu milli þeirra kennara sem komu úr „faginu“ annars vegar og „vísindamannanna“ hins vegar. Þá segist Sigrún fullviss um að nauðsynlegt sé að blanda hinni „teorísku“ hlið saman við praktíkina því þegar þessar mismunandi leiðir séu kenndar saman

verði námið að hennar mati sterkara en ella (Sigrún Stefánsdóttir munnleg heimild, 3. apríl 2009).

Samkvæmt Þorbirni Broddasyni, umsjónarmanni fjölmiðlafræðináms við Háskóla Íslands fjallar fjölmiðlafræði um fjölmiðlana í samfélaginu, stöðu þeirra og hlutverk. Greinin á rætur sínar að rekja í félagsfræði, stjórn málafræði, félagssálfræði og sálfræði og þar að auki sagnfræði og bókmenntafræði. Markmið fjölmiðlafræðinnar er að efla skilning og þekkingu á hlutverki fjölmiðlanna og tengslum þeirra við annars konar boðskipti. Hagnýtt gildi fræðanna felst svo í því að fjölmiðlarnir geti nýst almenningi betur með aukinni útbreiðslu þekkingar á þessu sviði, en ekki síður í því að almenningur geti varað sig á fjölmiðlunum og áhrifum þeirra eftir því sem skilningur eykst á þeim öflum sem stjórna þeim (Þorbjörn Broddason munnleg heimild, 8. apríl 2009).

Briggs og Cobley (2002) skipta í bók sinni, *The Media: An Introduction*, námi í fjölmiðlafræði í tvo aðal „skóla“. Sá fyrri á rætur sínar að rekja til amerískra félagsfræðinga við upphaf 20. aldarinnar. Markmið rannsókna þeirra var að nota vísindalegar aðferðir til að mæla og meta efni fjölmiðla og áhrif þess á notendur þeirra. Síðari „skólinn“ þróaðist í Evrópu og var í raun af svipuðum meiði. Rannsóknir þeim megin Atlantshafsins snérust einnig um áhrif miðlanna á notendur þeirra en áherslan var hins vegar meiri á að varpa ljósi á tilkomu fyrirbæris sem kallað var „fjöldamenning“ (mass culture). Fræðimennirnir óttuðust að hin gríðarlegu áhrif sem fjölmiðlarnir höfðu á almenning væru byrjuð að móta gagnrýnislausu og hlutlausu notendur – nánast heilapvegna. Einnig benda höfundar bókarinnar á þá staðreynd að evrópski „skólinn“ beini sjónum sínum frekar að áhrifum fjölmiðla á notendur á meðan sá ameríski leggur meiri áherslu á efnistöð og innihald þeirra, oftar en ekki í markaðslegum tilgangi.

Eins og sjá má hér að ofan og tæpt var á í upphafi kaflans er nokkuð misjafnt hvernig fjölmiðlafræði sem fræðigrein er skilgreind og má hugsanlega rekja það að nokkru leyti til þess að orðið er í raun eins konar íslenskt samheiti yfir nokkur ensk hugtök. Er það mat höfundar að meiri samræðu þurfi meðal fræðimanna þar sem sammælt verður um skilgreiningu á orðinu fjölmiðlafræði í þeim tilgangi að fyrirbyggja misskilning. Það sem er sammerkt með því sem fram kemur hér að ofan er hins vegar það að fjölmiðlafræði er þverfagleg fræðigrein sem rekur uppruna sinn í félagsfræðilegan grunn hvers aðferðum er beitt í fjölmiðlarannsóknir. Rauði þráðurinn snýr að innihaldi fjölmiðla og áhrifum þess á notendur miðlanna en ekki síður að því hvernig mismunandi miðlar vinna. Í grein Brent Cunninghams, ritstjóra *Columbia Journalism*

Review, frá árinu 2002 kemur fram að farið hafi fram mikil umræða um málefni þessu tengt vestanhafs. Þar hefur ríkt ákveðin rígur á milli þeirra sem vilja að fjölmiðlafræðinám snúist alfarið um akademíuna annars vegar og þeirra sem vilja frekar hampa hinu praktíska. Cunningham sjálfur segist hafa verið „í liði“ með þeim sem aðhylltust praktíkina en nú viðurkennir hann að með síbreytilegu þjóðfélagi verði fjölmiðlun, og þar af leiðandi fjölmiðlafræði, að endurskoðast. Ábyrgð og hlutverk blaðamanna fer vaxandi segir Cunningham og krafan á sérhæfða og upplýsta umræðu hefur aukist. Þess vegna verður fjölmiðlafræði- og blaðamenskunám að þróast í takt við samfélagið (Birgir Guðmundsson, 2002).

Að lokinni þessari yfirferð yfir fræðigreininna fjölmiðlafræði og hugtök henni tengd verður kastljósinu nú beint að því hvernig fjölmiðlafræði er kennd í háskólum víða um heim og möguleikum á framtíðaruppbyggingu fjölmiðlafræðideildarinnar við Háskólann á Akureyri velt upp.

3.2 Fjölmiðlafræðinám

Hér verður fjallað um fjölmiðlafræðimenntun í háskólum víða um heim, ýmist á grunn- eða framhaldsstigi. Þá verður nám í erlendum skólum borið saman við það sem gerist í Háskólanum á Akureyri. Fjölmarginir skólar víðs vegar um heiminn kenna einhvers konar fjölmiðlafræði en þeir skólar sem valdir voru endurspeglar mikla fjölbreytni, jafnt akademíska sem praktíska, að mati höfundar og geta þar af leiðandi opnað á fjölda möguleika til úr- og viðbóta á náminu við Háskólann á Akureyri.

3.2.1 Fjölmiðlafræðinám í Háskólanum á Akureyri

Háskólinn á Akureyri hóf árið 2003, fyrstur íslenskra háskóla, að bjóða upp á þriggja ára háskólanám í fjölmiðlafræði til B.A.-prófs. Námið var hugsað sem blanda af blaðamennsku (journalism) og hefðbundnu akademísku fjölmiðlafræðinámi (Communication Studies). Í náminu taka nemendur hefðbundin námskeið í grunngreinum félagsvísinda og fjölmiðlafræði en gefst einnig kostur á að kynna sér innviði og starfsemi fjölmiðla í gegnum praktísk námskeið. Fyrsta árið er að mestu helgað áðurnefndum grunngreinum félagsvísinda en á öðru og þriðja ári er sjónum nemenda beint í ríkari mæli að fjölmiðlunum sjálfum, innri starfsemi þeirra ásamt

lagalegu umhverfi og þess háttar. Þá eru nemendur þjálfaðir í vinnubrögðum blaðamennsku, til dæmis með því að skrifa á Landpóstinn, vef fjölmiðlafræðinema, og með því að fara í vettvangsheimsóknir á fjölmiðla þar sem þeim er gert að leysa verkefni af hendi. Kennarar í hinum praktíska hluta námsins eru flestir með áralanga starfsreynslu af fjölmiðlum á bakinu en akademísku námskeiðin eru yfirleitt kennd af kennurum Hug- og félagsvísindadeildar skólans (Birgir Guðmundsson, 2009).

Fyrirmyndir námsins eru ekki síst sóttar til Bandaríkjanna í kjölfar áðurnefndrar umræðu sem þar fór fram um framtíð fjölmiðlafræðináms. Hugmyndin er að námið gefi í grunninn til trausta, akademíska B.A. gráðu. Í kringum þær hefðbundnu félagsvísinda- og aðferðafræðigreinar sem námið byggir á er fléttað jafnt fræðilegum sem praktískum fjölmiðlafræðikúrsum þannig að niðurstaðan verður ekki hefðbundið blaðamenskunám heldur almenn félagsvísindagráða með áherslu á fjölmiðlafræði. Námið hefur tekið nokkrum breytingum og aðstandendur þess eru enn að fíkra sig áfram með uppbyggingu þess sem kemur ekki á óvart í ljósi þess hve nýtt það er af nálinni. Að sögn umsjónarmanns námsins hafa fyrstu árin þó gengið vel utan nokkurra hnökra en áfram þurfi að vinna að því að straumlínulaga jafnt praktíska hluta námsins sem þann fræðilega. Stefnan sé sú að fara með markvissari hætti í mikilvæga og áhrifaríka kenningasmiði í fjölmiðlafræði ásamt því að bjóða upp á þróaðri praktísk námskeið (Birgir Guðmundsson munnleg heimild, 3. apríl 2009).

Fjölmiðlafræðingum frá Háskólanum á Akureyri opnast margar dyr að námi loknu ef marka má heimasíðu skólans. Þar er sagt að námið bjóði upp á góða atvinnuönguleika í fjölmiðlunum sjálfum en ekki síður sé það góður grunnur fyrir þá sem hyggja á starf hjá fyrirtækjum eða stofnunum sem eiga í samskiptum við fjölmiðla. Þessi þáttur verður sífellt stærri hjá mörgum fyrirtækjum og því ætti námið að nýtast á fjölmörgum stöðum. Jafnframt er náminu ætlað að undirbúa þá sem vilja fara í frekara nám í greinum félagsvísinda á borð við markaðsfræði, félagsfræði eða stjórnmálafræði. Birgir Guðmundsson segir að þótt námið miði ekki að því að „framleiða“ blaða- og fréttamenn eigi það að nýtast þeim vel sem vilja leita á þau mið á sínum starfsferli (Háskólinn á Akureyri, 2002; Birgir Guðmundsson munnleg heimild, 3. apríl 2009).

3.2.2 Fjölmiðlafræðinám í Háskóla Íslands

Fjölmiðlafræðinám hefur verið í boði við Háskóla Íslands í ríflega 30 ár. Upphaflega var þó einungis um að ræða fáein námskeið undir heitinu félagsfræði fjölmiðla en síðasta hálfan annan áratuginn hefur verið boðið upp á nám í fjölmiðlafræði sem aukagrein til 60 ECTS eininga. Þá er einnig í boði starfsmiðað meistaranám í blaða- og fréttamennsku. Á heimasíðu háskólans er fjölmiðlafræði lýst, eins og áður kom fram, sem „alþjóðlegum vettvangi háskólakennslu og rannsókna í örum vexti“. Þar er einnig sagt að fjölmiðlafræðingar rannsaki stöðu, skipulag, formgerð, eignarhald og fleira á fjölmiðlum og einnig notkun þeirra og áhrif á einstaklinga og hópa. Fjögur námskeið eru kjarni fjölmiðlafræðinámsins á bakkalársstigi í HÍ en þau eru: 1) Inngangur að fjölmiðlafræði: Vald og formgerð, 2) Fjölmiðlafræði: Notendur og áhrif, 3) Fjölmiðlafræði: Kenningar og rannsóknir og 4) Verkefni í íslenskum fjölmiðlum. Eins og sjá má eru áherslurnar lagðar á „akademísku“ hliðina en auk þessara námskeiða taka nemendur inngangskúrsa í félags- og aðferðafræði auk nokkurra valáfanga (Háskóli Íslands [1], e.d.). Markmið námsins er að auka skilning og þekkingu nemenda á hlutverki fjölmiðla og tengslum þeirra við önnur boðskipti. Þótt námið sé ekki ætlað sem kennsla í blaðamennsku hefur raunin engu að síður orðið sú að margir sem tekið hafa fjölmiðlafræðina sem aukagrein hafa endað í fjölmiðlastörfum (Þorbjörn Broddason munnleg heimild, 8. apríl 2009).

Meistaránámið í blaða- og fréttamennsku, sem er til tveggja ára, er, ólíkt fjölmiðlafræðinni á bakkalársstiginu, beinlínis starfsmiðað og er markmiðið það að nemendur séu gjaldgengir fjölmiðlastarismenn að námi loknu. Námið, sem telur 120 ECTS einingar, skiptist í 90 einingar af námskeiðum og 30 eininga lokaverkefni. Lögð er áhersla á að nemendur beiti akademískum vinnubrögðum í náminu en einnig á markvissa og skipulagða starfsþjálfun á helstu tegundum fjölmiðla. Lokaverkefnið er tvískipt. Annars vegar er um að ræða fræðilega ritgerð og hins vegar sjálfstæða fjölmiðlaafurð sem er tilbúin til birtingar á fjölmiðli. Sú afurð getur verið í formi ítarlegrar fréttaskýringar, útvarpsþáttar, vefsíðu eða í raun hvers konar miðlunar sem er. Með því að efla fagþekkingu blaðamanna með námi á borð við þetta er markmið skólans að stuðla að uppbyggingu og vexti íslenskra fjölmiðla, sem gegna sífellt mikilvægara hlutverki þegar kemur að upplýsingum og virkni lýðræðis (Háskóli Íslands [2], e.d.). Þá veitir meistaraþróf í blaða- og fréttamennsku aðgang að doktorsnámi í tengdum greinum (Háskóli Íslands [3], e.d.).

3.2.3 Fjölmiðlafræðimenntun í Columbia University

The Journalism School, sem er hluti af Columbia University í New York í Bandaríkjunum, er einn elsti og virtasti blaðamannaskóli veraldar. Sjálfur Joseph Pulitzer, sem æðstu blaðamannaverðlaun Bandaríkjanna eru nefnd eftir, mælti fyrir stofnun skólans í upphafi 20. aldar. Árið 1912 hófu svo nám við skólann ríflega hundrað nemendur frá yfir tuttugu löndum. Skólinn var fyrstur til að bjóða upp á viðurkennt framhaldsnám í blaðamennsku í Bandaríkjunum og hefur allar götur síðan verið í hávegum hafður fyrir gæði náms. Skólinn hefur einnig gefið út tímarit sem nefnist Columbia Journalism Review frá árinu 1961 þar sem til að mynda er fjallað um fjölmiðlafræðinám og blaðamennsku á gagnrýninn hátt (The Journalism School: Columbia University [1], 2008).

Skólinn býður upp á þrjár námsleiðir. Fyrst skal nefna 10 mánaða námsleið sem leiðir til M.S. gráðu í blaðamennsku. Þetta nám er ætlað reyndum sem óreyndum blaðamönnum sem vilja tileinka sér faglega og siðferðislega blaðamennsku. Námið er framleiðslumiðað og gengur að miklu leyti út á að ná í og skrifa fréttir, jafnt stórar sem smáar. Hægt er að velja á milli fjögurra greina til sérhæfingar; prentmiðlunar, tímaritaskrifa, sjónvarpsmiðlunar eða nýmiðlunar. Áhersla er lögð á að setja fyrir krefjandi verkefni með ákveðnum „deadline“ til að líkja sem mest eftir starfi á „alvöru“ fjölmiðli. Auk skylduáfanga er boðið upp á fjölbreytta valáfanga þar sem hver og einn getur beint áhugasviði sínu í ákveðna átt. Prófverkefnið sjálft er svo stór fréttaskýring sem krefst mikillar rannsóknarvinnu og ítarlegra skrifa (The Journalism School: Columbia University [2], 2008).

Í öðru lagi er boðið upp á 9 mánaða námsleið sem leiðir til M.A. gráðu í blaðamennsku. Þessi leið er ætluð reyndum blaðamönnum sem hafa sannað sig í fjölmiðlabransanum en vilja auka við þekkingu sína á blaðamennsku og jafnframt sérhæfa sig í ákveðnu sviði, til að mynda stjórnámálum, vísindum eða viðskiptum. Líkt og í M.S. náminu er námið byggt að stórum hluta í kringum stóra og ítarlega fréttaskýringu upp á um það bil 10.000 orð sem á að birta á internetinu. Auk þessa velja nemendur sér námskeið í því sérsviði sem þeir hafa ákveðið að leggja áherslu á (The Journalism School: Columbia University [3], 2008).

Þar að auki býður skólinn upp á doktorsnám í fjölmiðlafræði eða boðskiptafræðum (Communications). Þar er um að ræða þverfaglega nálgun á fjölmiðlafræði en auk þess að taka námskeið innan Journalism School sækja nemendur nám sitt í aðrar deildir Columbia University,

svo sem félags-, stjórn mála-, og viðskiptafræðideildirnar. Einungis fjórir nemendur eru teknir inn í námið á hverju ári og ber þeim að einblína á eitt eftirtalinn sérsviða: 1) Blaðamennska og líf almennings (Journalism and public life), 2) Félagsleg áhrif fjölmiðla (Social impact of media) og 3) Efnahags- og lagalegan hluta boðskiptafræða (Economic, legal, and policy aspects of communication). Takmarkið með þessu námi er að tengja saman styrkleika blaðamennskuhefðar skólans og hina „vitrænu“ hlið mann- og félagsfræðinnar með það að markmiði að varpa ljósi, og auka skilning okkar, á virkni fjölmiðla og áhrifum þeirra á samfélagið (The Journalism School: Columbia University [4], 2008).

Eins og sjá má er boðið upp á fjölbreyttar námsleiðir í blaðamennsku og fjölmiðlafræði við skólann en þær eiga það sammerkt að gerðar eru miklar kröfur til nemendanna. Kennarar við skólann eru margir hverjir þekktir blaðamenn í Bandaríkjunum sem hafa unnið til fjölmargra verðlauna, þar á meðal Pulitzer verðlaunanna eftirsóttu. Meistaragráðunámsleiðirnar eru hvorar tveggja framleiðslumiðaðar en doktorsnámið aftur á móti mjög akademískt í uppbyggingu.

3.2.4 Fjölmiðlafræðimenntun í Syddansk Universitet

Syddansk Universitet í Danmörku er með stærstu menntastofnunum landsins. Skólinn varð til árið 1998 þegar Odense Universitet, Handelshøjskole Syd/Ingeniørhøjskole Syd og Sydjyst Universitetscenter sameinuðust undir einn hatt. Undanfarin tvö ár hafa svo fleiri skólar sameinast Syddansk Universitet sem nú telur tæplega 20.000 nemendur ásamt vel yfir 1.000 kennara. Rætur skólans liggja hins vegar aftur til ársins 1966 þegar Odense Universitet var upprunalega stofnaður (Syddansk Universitet [1], 2008). Skólinn býður upp á fjölbreyttar námsleiðir á hinum ýmsu sviðum en hér verður fjallað um námsleið sem skólinn kallar blaðamennsku (Journalistik).

Eins og nafnið gefur kannski til kynna er blaðamennskunámið í skólanum að talsverðu leyti framleiðslumiðað endá mælt með náminu fyrir fólk sem hyggst starfa í fjölmiðlum eða hefur starfað á þeim vettvangi og vill bæta við sig fróðleik. Námið er til þriggja ára og er því skipt þannig upp að á hverri önn er farið ítarlega í sögu, hugmyndafræði og möguleika hvers miðils fyrir sig. Þannig snýst fyrsta önnin um prentmiðla, önnur og þriðja um ljósvakamiðla og svo framvegis. Meðfram þessu eru þó kenndir „akademískir“ kúrsar þar sem farið er dýpra ofan í félagsfræði miðlunar ásamt öðrum félagsfræðilegum fögum á borð við stjórn málafræði, hagfræði og ýmislegt fleira. Á heimasíðu skólans segir að í náminu „lærir þú ekki bara að skrifa, heldur

safnarðu einnig grunnvitneskju um það sem þú skrifar um. Með öðrum orðum er verið að sameina handverk blaðamannsins og hin akademísku fög sem blaðamönnum framtíðarinnar er nauðsynlegt að kunna deili á“. Fjölmörg verkefni eru unnin í samstarfi við staðbundna fjölmiðla í námunda við skólann og þá fara fimmta og sjötta önnin í náminu algjörlega í starfsnám þar sem nemendur vinna að fjölbreyttum verkefnum inni á „alvöru“ fjölmiðli. Að því loknu tekur við síðasta önnin þar sem skila á lokaverkefni sem hægt er að vinna á ýmis konar hátt, til dæmis með gerð heimildamyndar eða ítarlegri fréttaskýringu sem byggir á rannsóknarblaðamennsku nemandans (Syddansk Universitet [2], 2008).

Markmið skólans er að útskrifaðir blaðamann af „Journalistik“ sviði Syddansk Universitet geti gengið hnarreistir inn í starf á nokkurn vegin hvaða fjölmiðli sem er. Á það við um fréttaskrif, framleiðslu fyrir sjónvarp og útvarp sem og nýmiðlun á borð við internetið, en talsverð áhersla er lögð á hina nýju miðlun í náminu og sá vinkill tengdur inn í hina hefðbundnu miðla (Syddansk Universitet [3], 2008).

3.2.5 Fjölmiðlafræðinám í Murdoch University

Murdoch University er staðsettur í borginni Perth í Ástralíu og er einn virtasti og þekktasti skóli landsins þrátt fyrir tiltölulega skamman líftíma, en skólinn var stofnaður árið 1973. Tveimur árum síðar voru fyrstu nemendurnir innritaðir og var skólinn fyrstur ástralskra skóla til að taka inn nemendur út frá fleiri þáttum en eingöngu árangri í menntaskóla (flexible admission system). Vöxtur skólans hefur verið hraður og í dag stunda yfir 15.000 nemendur nám við skólann, þar af ríflega 3.000 erlendir nemendur. Skólinn kappkostar að bjóða uppá fjölbreytta námsmöguleika þar sem sveigjanleiki milli brauta er mikill með það að leiðarljósi að þjóna hagsmunum og námsþörfum hvers og eins sem allra best (Murdoch University [1], 2008). Þar að auki er háskólinn leiðandi á sviði rannsókna í landinu og er leitast eftir því að nemendur við skólann séu virkir í hinu akademíska samfélagi. Gæði skólans hafa ítrekað komið í ljós í rannsóknum óháðra aðila á áströlskum háskólum og til að mynda fékk Murdoch hæstu einkunn, eða fimm stjörnur, í „Leiðarvísi um góða háskóla“ frá árinu 2007 (The 2007 Good Universities Guide) og hefur skólinn hlotið þann heiður í 11 skipti á síðustu 12 árum (Murdoch University [2], 2008).

Í Murdoch háskólanum er boðið upp á allnokkrar námsleiðir sem á einhvern hátt tengjast fjölmiðlun eða fjölmiðlafræði. Má þar nefna blaðamennsku, almannatengsl, umbrots- og

hönnunarnám ásamt námi í fjölmiðlafræði (Media Studies). Fjölmiðlafræðinámið í Murdoch virðist við fyrstu sýn nokkuð framleiðslumiðað en þegar betur er að gáð má sjá að þar leynast einnig mjög fræðilegir kúrsar. Á heimasíðu skólans segir að fjölmiðlar sjálfir snúist um boðskipti og því sé aðal áherslan í náminu lögð á að skilja virkni fjölmiðlanna og hvernig þessi boðskipti fara þar fram. Grunnnámskeiðin sem boðið er upp á snúast einnig um það að læra að skilja og leggja mat á þau félagslegu og menningarlegu áhrif sem boðskiptin kunna að hafa á fólk. Síðar í náminu er nemendum boðið að sníða námið að þeirra eigin þörfum og geta þeir þá einbeitt sér að ákveðinni tegund miðla eða beint sjónum sínum að lagalegu umhverfi fjölmiðla eða jafnvel tækninýjungum innan fagsins (Murdoch University [3], 2008).

Eins og áður sagði er námið að miklu leyti fræðilegt og ekki einblínt á framleiðsluþáttinn í grunnnámskeiðum þess. Hins vegar er nemendum boðið upp á að taka tvöfalda prófgráðu en með því er reynt að láta námið falla betur að þörfum hvers og eins. Þannig er nemendum sem vilja fara út í starf á fjölmiðlum bent á að taka aðra prófgráðu (second major) í Fjölmiðlun (Media). Þegar listi yfir námskeiðin í náminu er skoðaður má glöggst sjá að þar er lögð talsverð áhersla á félags- og menningartengsl fjölmiðlanna. Málefni ástralskra frumbyggja og sú mynd sem dregin er upp af þeim í fjölmiðlum er dæmi um slíkt og það sama má segja um námskeið sem snýr að áhrifum fjölmiðla á notendur þeirra eða „almening“. Þar að auki er talsverð áhersla lögð á fjölmiðla- og boðskiptarannsóknir í náminu og aðferðafræði þeirra rannsókna skoðuð (Murdoch University, 2009).

Að loknu fjölmiðlafræðinámi við Murdoch University standa nemendum fjölmargar dyr opnar, mismunandi þó eftir því hvaða svið þeir hafa lagt áherslu á. Meðal þess sem talið er upp á heimasíðu skólans eru fjölmörg störf innan fjölmiðla ýmist við framleiðslu, skipulagningu eða markaðssetningu. Einnig eru þar nefnd störf við almannatengsl ásamt rannsóknarstörfum á sviði fjölmiðlafræði (Murdoch University [3], 2008).

3.2.6 Fjölmiðlafræðinámi í Vancouver Island University

Vancouver Island University er vel þekktur skóli í borginni Nanaimo á vesturströnd Kanada sem hefur verið starfræktur frá því um miðja síðustu öld. Skólinn er vinsæll meðal skiptinema, en af tæplega 20.000 nemendum hans koma vel yfir 1000 þeirra frá öðrum löndum. Skólinn gefur sig út fyrir að bjóða upp á persónulega þjónustu þar sem nemendahópar eru fámennir og tengsl við

kennara því nánari en ella. Skólinn býður upp á fjölbreyttar námsleiðir til mismunandi prófgráða á háskólastigi. Námið sem hér verður fjallað um er stafræn fjölmiðlafræði til B.A. prófs (Digital Media Studies) (Vancouver Island University, e.d.).

Nám í stafrænni fjölmiðlafræði er algjörlega nýtt af nálinni en fyrstu nemendurnir munu hefja nám í faginu nú í haust 2009. Námið fékkst samþykkt hjá menntamálaráðuneyti Kanada í janúar á þessu ári. Hugmyndin er sú að kenna til B.A. prófs samtvinnung af fjölmiðlafræði og stafrænni miðlun en bæði fögin voru áður kennd sem aukafag til B.A. prófs. Með þessu er verið að leita eftir aukinni tengingu milli kenninga í fjölmiðlafræði og kennslu í nýtingu hinnar nýju stafrænu tækni. Þannig verður bæði að finna námskeið í klassískum kenningafræðum en einnig flóknum tæknigreinum í þessari nýju námsleið. Reynt verður eftir fremsta magni að nýta tölvutæknina í náminu, til dæmis með því að bjóða uppá „podcast“, umræðuþræði á netinu ásamt blogg færslum og fleiru (Vancouver Island University [1], 2009).

Þegar litið er yfir námskeiðslýsingar í þessu nýja fagi er ljóst að það er nokkuð framleiðslumiðað en þó eru allnokkrir kúrsar sem snúa að „akademísku“ hlið námsins og má þar nefna sögu fjölmiðlunar og félagsleg áhrif fjölmiðla. Námið virðist einnig mjög „tæknilegt“ og er í því farið ítarlega í hluti á borð við vefforritun, grafíska hönnun og margt fleira (Vancouver Island University [2], 2009).

Samkvæmt heimasíðu skólans hafa rannsóknir á vinnumörkuðum sýnt fram á ríka þörf á fólki með námsbakgrunn á borð þann sem fyrirhugað er að bjóða upp á frá og með haustinu. Eru störf á öllum fjölmiðlatengdum vettvangi nefnd, svo sem við almannatengsl, á auglýsingamarkaði, við framleiðslu og fleira. Rannsókn meðal 200.000 útskrifaðra háskólanema í Bretlandi frá árinu 2005 sýndi að útskrifaðir fjölmiðlafræðingar reyndust þeir „vinnuvænustu“ (most employable) af útskrifuðum nemendum (Vancouver Island University [1], 2009).

3.3 Samanburður

Þegar fjölmiðlafræðinámi í Háskólanum á Akureyri er borið saman við sambærilegt nám í Háskóla Íslands og í erlendum háskólum má finna jafnt hluti sem eru sameiginlegir sem og aðra þar sem veigamikill munur er á áhersluatriðum. Í Háskóla Íslands er að finna nokkuð sambærilega áfanga á bakkalársstiginu en þeir virðast þó öllu „fræðilegri“ í HÍ og með meiri tengingu inn í félagsfræðilega grunninn. Blaða- og fréttamennskunámið er svo aftur á móti mjög

starfsmiðað en spurning er hvort hægt væri að stofna til samstarfs á milli skólanna svo hægt væri að taka upp sambærilegt nám á Akureyri. Hugmyndir þess efnis hafa raunar verið reifaðar og nú þegar er hægt að bjóða einstaka nemendum upp á rannsóknarmiðað meistaranám við HA. Einnig er talsvert um samstarf milli skólanna og er vilji fyrir hendi að auka það enn frekar með samkenndu áfanga og samnýtingu kennara (Birgir Guðmundsson munnleg heimild, 3. apríl 2009). Lokaverkefni meistaranámsins skal að hluta til vera sjálfstæð fjölmiðlaafurð og er það einnig eitthvað sem ætti hugsanlega að hvetja nemendur í Háskólanum á Akureyri til að stefna að, ef þeir hafa áhuga á því.

Í Columbia University er námið á meistarastigi en engu að síður hefur það að einhverju leyti verið fyrirmynd námsins í HA (Birgir Guðmundsson munnleg heimild, 3. apríl 2009). Námið þar er vissulega sniðið að þörfum núverandi sem og verðandi blaðamanna en fræðilegi þáttur námsins er þó síst minna áberandi en sá praktíski. Verkefnið í Columbia skólanum snúast oft á tíðum um fréttaskýringar og öflun efnis og er það hugsanlega hluti sem mætti taka upp í náminu í HA. Þó gæti nemendum reynst erfiðara að finna fréttir sem bjóða upp á slíka dýpt hér í rólegheitunum á Akureyri heldur en þeim sem læra í stórborg á borð við New York.

Áherslurnar í Syddansk Universitet virka nokkuð keimlíkar þeim sem eru í náminu í HA. Hver og einn miðill er tekin fyrir á hverri önn en þó virðist vera farið ítarlegar í þá í danska skólanum, sér í lagi praktísku hliðina. Einnig eru almennar félagsfræðigreinar á borð við stjórnmálafræði og hagfræði kenndar samhliða fjölmiðlaáföngunum til að efla þverfaglegan skilning nemenda á virkni samfélagsins. Þá er skólinn í samstarfi við staðbundna miðla líkt og hefur tíðkast í náminu í HA. Þar er þó gengið skrefinu lengra og eyða nemendur heilum tveimur önnum í starfsnámi inni á fjölmiðli. Er þetta útfærsla sem vel væri hægt að taka til skoðunar í náminu hér ef vilji skólayfirvalda og miðla á svæðinu er fyrir hendi.

Í Murdoch skólanum í Ástralíu er einnig um að ræða blöndu af praktík og akademíu en möguleikinn á sveigjanleika í náminu er mun meiri þar en í HA. Helgast það kannski einna helst af stærð skólans enda erfitt að bjóða upp á mikið val í jafn fámennum árgöngum og hafa verið í fjölmiðlafræði í HA. Í Murdoch er einnig talsverð áhersla lögð á fjölmiðlarannsóknir, til að mynda áhrif fjölmiðla á samfélagið, og er það hlutur sem ef til vill mætti efla við Háskólann á Akureyri og í raun almennt í kenndu í fjölmiðlafræði héraðs líkt og Guðbjörg Hildur leggur til og rætt verður síðar. Að lokum er einnig að finna nokkra snertifleti með náminu í HA og Vancouver Island University. Þar er stefnan að halda bekkjum fámennum til að skapa meiri nánd

milli kennara og nemenda og svipar því til smærri skóla á borð við HA. Stafræna fjölmiðlafræðin sem kennd verður í fyrsta sinn í haust leggur þó mjög mikla áherslu á tæknilegu hlið fjölmiðlunar sem er nokkuð ólíkt því sem verið hefur í HA.

Í heildina litið má glögglega sjá að í Háskólanum á Akureyri er markmiðið það að smella saman því besta úr mismunandi stefnum. Námið er enn ungt að árum og því má leiða að því líkur að það muni halda áfram að taka talsverðum breytingum á næstu árum. Þá er algjörlega nauðsynlegt að fylgjast vel með framvindu mála í þeim skólum þar sem fjölmiðlafræði er kennd og vera fljótir til að tileinka sér hluti sem gætu komið sér vel í náminu í HA. Að öðrum kosti er mikil hættá á stöðnun í námsframboði sem leiðir óhjákvæmilega til minni aðsóknar og gæti að lokum orsakað útrýmingu deildarinnar.

3.4 Í hnotskurn

Háskóli Íslands: Nokkuð um sambærilega áfanga á bakkalársstigi en þó virðist fræðilega hliðin vera meira áberandi þar. Námið meira tengt almennri félagsfræði en gerist í HA. Nemendur virðast, líkt og í HA, leita í störf á fjölmiðlum þótt námið miði ekki að því. Á meistarastiginu er svo um að ræða starfsmiðað nám og er það þar af leiðandi mjög praktískt. Þó er eðlilega lögð áhersla á akademísk vinnubrögð. Lokaverkefnið að hluta til sjálfstæð fjölmiðlaafurð.

Columbia University: Býður upp á þrenns konar námsleiðir, M.A., M.S. og Ph.D.

Meistaragráðurnar eru ætlaðar starfandi blaðamönnum, jafnt reyndum sem óreyndum. Engu að síður er fræðilegi þáttur námsins áberandi. Mikið um praktísk úrlausnarefni, jafnvel í fræðilegum áföngum. Doktorsgráðan mjög akademísk. Námsumhverfið óneitanlega mjög ólíkt. Lokaverkefni yfirleitt sjálfstæð fjölmiðlaafurð.

Syddansk University: Hugsanlega líkust námsleiðinni við HA. Farið ítarlega í hvern og einn miðil á hverri önn og eflt til samstarfs við staðbundna miðla. Þó mun meira um starfsnám og námið gengur í heildina meira út á praktík. Hefðbundnar félagsfræðigreinar kenndar til hliðar við fjölmiðlafræðina líkt og gerist í HA. Lokaverkefni getur verið sjálfstæð fjölmiðlaafurð, heimildamynd eða hefðbundin ritgerð.

Murdoch University: Blanda af praktík og akademíu líkt og í HA en sveigjanleiki mjög mikill, til dæmis með möguleikanum á tvöfaldri B.A. gráðu. Áhersla á fjölmiðlarannsóknir sem mætti hugsanlega efla við HA. Virðist einnig bjóða uppá ítarlegri fræðilega kúrsa en gerist í HA.

Vancouver Island University: Fámennir bekkir og mikil nánd líkt og í HA. Mikil áhersla lögð á stafræna fjölmiðlun og tækninýjungar. Virðist sem praktísk úrlausnarefni séu ofar á blaði heldur en akademískir áfangar. Rannsóknir hafa sýnt fram á að fjölmiðlafræðingar eru eftirsóttir starfsmenn þegar þeir koma út á vinnumarkaðinn og eftirspurn er eftir fólki með stafrænt fjölmiðlunarnám á bakinu.

Það er full ástæða til að fylgjast vel með því fjölmiðlanámi sem boðið er uppá í skólum erlendis og má hiklaust taka fjölmargt sem þar fer fram til fyrirmyndar við uppbyggingu námsins við Háskólann á Akureyri. Það er að minnsta kosti von höfundar að þessi yfirferð hafi vakið upp hugmyndir sem hugsanlega er hægt að útfæra á næstu misserum í náminu.

3.5 Framtíðarmöguleikar fjölmiðlafræðináms á Íslandi

Eins og fram kom hér að ofan eru þrjár meginleiðir í boði í námi í fjölmiðlafræði á Íslandi. Í fyrsta lagi má nefna fjölmiðlafræðinám í Háskólanum á Akureyri til B.A. prófs, í öðru lagi fjölmiðlafræði sem aukagrein til B.A. prófs við Háskóla Íslands og í þriðja lagi meistaranám í blaða- og fréttamennsku við sama skóla. Þar sem sér í lagi námið í Háskólanum á Akureyri og einnig meistaranámið í Háskóla Íslands eru tiltölulega nýleg voru nokkrir viðmælendur látnir svara því hvaða breytingar þeir vildu sjá gerðar á námi í fjölmiðlafræði og einnig í hverju framtíðarmöguleikar greinarinnar fælust.

Þorbjörn Broddason (munnleg heimild, 8. apríl 2009) bendir á að verið sé að efla fræðilegan bakfisk meistaranámsins í blaða- og fréttamennsku og telur hann það vera ánægjulega þróun. Hann bætir við að það gæti verið eftirsóknarvert að bjóða upp á sérhæfingu í náminu en það strandi þó á naumum tímaramma námsins sem og fjárskorti. Enn fremur telur Þorbjörn áhugavert að hefja kennslu á meistarastigi í fjölmiðlakennningum og fjölmiðlarannsóknum við hlið blaða- og fréttamenskunámsins.

Guðbjörg Hildur Kolbeins (munnleg heimild, 3. apríl 2009) tekur í sama streng og segir að engin framþróun geti orðið í fjölmiðlafræðinámi hérlandis nema föstum kennarastöðum við háskólana sé fjölgað. Föstum kennarastöðum fylgi rannsóknarskylda og hún telur að það myndi efla greinina umtalsvert ef kennararnir sjálfir væru virkir í rannsóknum og gætu þannig kynnt niðurstöður sinna eigin rannsókna fyrir nemendum sínum. Það sé ávallt kostur að geta boðið uppá niðurstöður íslenskra rannsókna þar sem þær séu, eðli málsins samkvæmt, nærtækari í námi hérlandis. Einnig telur hún að með fleiri föstum kennurum væri hægt að bjóða upp á fleiri og vandaðri námskeið.

Birgir Guðmundsson (munnleg heimild, 3. apríl 2009) segir mikla möguleika í greininni en eins og margt annað strandi þeir möguleikar að talsverðu leyti af fjárskorti. Birgir kallar einnig eftir skýrri fjölmiðlastefnu af hálfu ríkisvaldsins og annarra opinberra aðila. Hér á landi séu engar rannsóknarstofnanir eða aðrar stofnanir á vegum ríkisins sem taki saman og greini fjölmiðlaefni nema Hagstofan og þar sé í raun bara einn starfsmaður í fjölmiðladeild. Þessu sé öðruvísi hagað víða erlendis þar sem öflugar eftirlits- og greiningastofnanir séu við lýði. Slíkum stofnunum fylgi óhjákvæmilega aðhald sem Birgir telur nauðsynlegt að sé til staðar. Hann nefnir sem dæmi hlutverk fjölmiðla í aðdraganda bankahrunsins haustið 2008 og þá staðreynd að nú séu engir opinberir aðilar sem standa að því að rannsaka það. Óttast hann að komi ekki frumkvæði af hálfu ríkisvaldsins til að veita fjármunum í slíkar rannsóknir geti reynst erfitt að fá þær framkvæmdar.

Sigrún Stefánsdóttir (munnleg heimild, 3. apríl 2009) er á sama máli og Birgir og nefnir sömuleiðis hrun bankanna sem dæmi um atburð sem nauðsynlegt sé að rannsaka út frá sjónarhóli fjölmiðlafræðinnar. Fjölmiðlarannsóknunum, en ekki síður rannsóknarblaðamennsku, er ábótavant hérlandis segir Sigrún og vill hún meina að aukin sérhæfing sé hugsanlega hluti af lausninni. Sigrún bætir einnig við að efla þurfi nám í íslensku í tengslum við praktíska hluta fjölmiðlafræðinámsins enda sé það reynsla hennar, af annars góðum nemendum sem koma að vinna á fjölmiðlum, að það vanti upp á íslenskukunnáttu þeirra, jafnt skrifaða sem talaða.

Viðmælendurnir eru því nokkuð samtaka í því að benda á möguleika sem eru í greininni og kalla jafnframt allir á frekari áherslu á rannsóknir á fjölmiðlum hérlandis. Virðist uppgangur slíkra rannsókna einna helst stranda á fjármagni en í því samhengi má spyrja sig hvort fjármunum sem varið er í fjölmiðlarannsóknir sé ekki vel varið. Hlutverk fjölmiðla er meðal annars að veita stjórnvöldum aðhald en með virkara aðhaldi að fjölmiðlunum sjálfum er hægt að

upplýsa almenning í landinu betur um starfsemi og hlutverk þeirra sem fjórða valdið og leiða þannig til faglegri og gagnrýnni umræðu um störf þeirra. Slík vinna getur reynst ómetanleg ef hún verður til þess að fjölmiðlar og blaðamenn standa sig betur sem hliðverðir lýðræðisins.

4. Nám og störf fjölmiðlafræðinga frá HA: Kostir og gallar námsins

Í síðari hluta þessarar rannsóknar verða fyrst kynntar niðurstöður spurningalista sem lagður var fyrir fjölmiðlafræðinga frá Háskólanum á Akureyri sem og lokaársnema í náminu. Einnig verða kostir og gallar námsins skoðaðir út frá niðurstöðum viðtala sem tekin voru við núverandi og fyrrverandi nemendur.

4.1 Rannsókn meðal útskrifaðra fjölmiðlafræðinga frá HA ásamt lokaársnemum

Hér á eftir verður farið yfir helstu niðurstöður spurningalista sem lagður var fyrir útskrifaða fjölmiðlafræðinga frá Háskólanum á Akureyri sem og lokaársnema í greininni. 26 nemendur hafa útskrifast sem fjölmiðlafræðingar frá Háskólanum á Akureyri síðan námið hófst árið 2003. Sex til viðbótar útskrifast vorið 2009 og samanstandur þýði rannsóknarinnar því af 31 einstakling þar sem höfundur þessa verkefnis er undanskilinn. Svarhlutfall var 87% eða 27 svarendur. Fyrsti árgangurinn útskrifaðist 2006 en þá brautskráðust átta nemendur. Af þeim svöruðu sjö listanum. 10 til viðbótar útskrifuðust 2007 (nú svöruðu) og átta árið 2008 (sex svöruðu). Loks útskrifast sex nemendur í vor að höfundi meðtöldum og svöruðu allir fimm úr þeim árgangi sem voru í þýðinu. Hægt er að skoða spurningalistann í heild sinni í Viðauka I.


4.1.1 Hvers vegna fjölmiðlafræði?

Þegar nemendurnir voru spurðir hvers vegna þeir tóku þá ákvörðun að velja nám í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri voru svörin eðlilega mismunandi. Mjög margir nefndu þó þá staðreynd að þeir hefðu áhuga á ýmist fjölmiðlum, stjórnámálum, félagsvísindum eða öllu þessu og teldu að námið hentaði því vel. Einnig sögðu nokkrir að staðsetning Háskólans á Akureyri hefði ráðið nokkru um val sitt á námi. Einn svaraði því til að hann hefði áður starfað á fjölmiðli og vildi afla

sér betri þekkingar á þeim vegna starfs síns – ekki síst faglegrar þekkingar. Einnig voru nefndir hlutir á borð við náms- og starfsmöguleika að námi loknu og einfaldlega hreina tilviljun.

4.1.2 Störf fjölmiðlafræðinga frá Háskólanum á Akureyri

Mynd 1: Störf fjölmiðlafræðinga frá HA skipt eftir „geirum“ atvinnulífsins



Á Mynd 1 má sjá skiptingu þeirra 15 svarenda sem gáfu upp við hvað þeir starfa í dag. Einn svarandi var atvinnulaus en aðrir ýmist í námi eða gáfu ekki upp svör. Eins og sjá má eru sex einstaklingar sem starfa við fjölmiðla og fjórir til viðbótar sem starfa við markaðsstörf. Þegar rýnt er betur í svörin kemur í ljós að samtals hafa 11 svarendur á einhverjum tímapunkti starfað við fjölmiðil. Er því ljóst að þótt fjölmiðlafræðinamið sem slíkt sé ekki miðað að þörfum þeirra sem hyggja á störf í fjölmiðli liggur leið stórs hluta þeirra í slík störf. Reynsla þeirra yfirmanna á fjölmiðlum sem hafa haft útskrifaða fjölmiðlafræðinga á sínum snærum virðist í flestum tilfellum jákvæð. Ágúst Ólafsson (munnleg heimild, 7. apríl 2009) segir þannig að fjölmiðlafræðingar sem hann hafi starfað með komi eins vel undirbúnir undir störf á fjölmiðli eins og hægt er að koma úr námi. Nemendur séu yfirleitt með uppbyggingu fréttu og heimildaöflun á hreinu en hins vegar sé það ávallt misjafnt hvernig menn fóta sig í starfi á fjölmiðli. Hann bætir við að nálægðin við hina fjölbreyttu fjölmiðlaflóru á Akureyri sé mjög dýrmæt nemendum í náminu. Reynir Traustason,

(munnleg heimild, 13 apríl 2009) ritstjóri DV, tekur í sama streng og segist mjög ánægður með þá fjölmiðlafræðinga frá Háskólanum á Akureyri sem hann hefur haft við störf á sínum fjölmiðli.

Útskrifaðir nemendur telja almennt að fjölmiðlafræðin hafi nýst þeim vel í þeim störfum sem þeir hafa tekið sér fyrir hendur. Það á þó sérstaklega við um þá sem hafa starfað á fjölmiðlum eða við markaðsstörf þótt tveir svarendur telji reyndar að námið hafi ekki nýst þeim að neinu leyti þrátt fyrir að þeir hafi unnið tímabundið á fjölmiðli. Dagmar Ýr Stefánsdóttir (munnleg heimild, 8. apríl 2009) hefur starfað bæði við fjölmiðla og markaðsstörf frá útskrift og segir námið hafa nýst vel í báðum störfum. Í starfi á fjölmiðli hafi reynst gott að vera búin að prófa nánast allt tengt fjölmiðlum í einhverjum mæli í náminu og í markaðsstörfunum hafi það reynst dýrmætt að þekkja innviði fjölmiðla og starfsemi þeirra. Hlynur Birgisson (munnleg heimild, 7. apríl 2009) starfar sem umsjónarmaður í félagsmiðstöð og hann var á sama máli jafnvel þótt hann hafi ekki komið nálægt starfi á fjölmiðli. Hinn þverfaglegi grunnur segir hann að geti nýst hverjum sem er í hvaða starfi sem er.

4.1.3 Nám fjölmiðlafræðinga frá Háskólanum á Akureyri

Þar sem mjög stutt er síðan nám í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri hófst er lítil reynsla komin á í hvaða framhaldsnám fjölmiðlafræðingar sækja – jafnvel minni en í hvaða störf þeir sækja. Tíu svarendur hafa þannig hafið einhvers konar framhaldsnám en einungis tveir lokið því enn sem komið er. Fjórir til viðbótar eru sem stendur í framhaldsnámi en aðrir fjórir hófu nám en hættu áður en því lauk. Enn sem komið er hefur enginn svarandi farið í beint framhaldsnám í fjölmiðlafræði en nokkrir hafa þó spreytt sig í námi sem er nátengt greininni. Þannig hafa tveir farið í meistaranám í alþjóðasamskiptum (annar lokið námi) og tveir farið í nám í markaðsfræði. Einn svarandi stundar nám í kynjafræði með áherslu á fjölmiðla og einn í ljósmyndun. Enn fremur höfðu svarendur farið í nám í kennslufræðum, stjórnmálafræði og viðskiptafræði. Þeir sem hafa farið í framhaldsnám segja fjölmiðlafræðina almennt vera góðan undirbúning fyrir frekara nám en sumir telja þó fræðilegan grunn ekki nægjanlegan í náminu.

Það er ljóst, að þótt lítil reynsla sé komin á það í hvaða nám fjölmiðlafræðingar frá Háskólanum á Akureyri sækja, er um fjölbreytt nám að ræða og er því hægt að taka undir með forsvarsmönnum námsins sem segja það opna margar dyr bæði hvað varðar náms- og starfsval. Nokkra athygli vekur þó að enn sem komið er hefur enginn farið í beint framhaldsnám í


fjölmiðlafræði en taka verður með í reikninginn að um fáa einstaklinga er að ræða og fjölbreytnin í raun mikil miðað við það.

4.2 Kostir og gallar fjölmiðlafræðináms við Háskólann á Akureyri

Hér á eftir verður farið yfir helstu kosti og galla við fjölmiðlafræðináms við Háskólann á Akureyri. Niðurstöðurnar eru sem áður fengnar annars vegar úr svörum við spurningalistanum og hins vegar með viðtölum við nemendur.

4.2.1 Kostir fjölmiðlafræðináms við Háskólann á Akureyri


Mynd 2: Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með nám í fjölmiðlafræði við HA



Eins og sjá má á Mynd 2 er yfirgnæfandi meirihluti nemenda sem lagt hafa stund á nám í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri ánægður með námið. Sex svarendur (22,2%) eru mjög ánægðir með námið, 17 (63%) eru frekar ánægðir og einungis 4 (14,8%) segjast hvorki ánægðir né óánægðir með námið. Enginn svaraði því til að hann væri frekar eða mjög óánægður með námið. Verður þetta að teljast frekar afgerandi niðurstaða og til vitnisburðar um það að nokkuð vel hefur tekist að koma náminu af stað að minnsta kosti hvað varðar ánægju nemenda.


Fjölmarginir nemendur sögðu kostina við námið felast í fjölbreytileika þess og þeirri staðreynd að um þverfaglegt nám væri að ræða sem tæki á hinum ýmsu úrlausnarefnum á sviði félagsvísinda. Einnig töldu margir að námið væri hagnýtt og að praktísku áfangarnir kæmu sér sérlega vel, að minnsta kosti fyrir þá sem ætluðu sér að starfa á fjölmiðli. Nálægðin við hina nokkuð fjölbreyttu fjölmiðlaflóru á Akureyri var jafnframt nefnd og sérstaklega bent á sambandið við svæðisstöð Ríkisútvarpsins á Akureyri (RÚVAK) þar sem nemendur fóru í starfsheimsókn. Námið var sagt krefjandi án þess þó að verða nemendum ofviða og þá var það sagt gefa góða heildarsýn yfir fjölmiðlaflórana, bæði frá sjónarhóli fjölmiðlamannsins en einnig fræðimannsins. Kennarar skólans komu einnig vel út og var hrósað af mörgum. Dagmar Ýr Stefánsdóttir (munnleg heimild, 8. apríl 2009) tók sérstaklega fram að sú blanda kennara, innlendra sem erlendra, sem væri til staðar af annars vegar akademískum fræðimönnum og hins vegar þeim sem koma úr praktíkinni gæfi náminu gott jafnvægi. Með því fengist betri innsýn í sinn hvorn anga námsins.

Mynd 3: Hversu ánægð(ur) óánægð(ur) ert þú með litlar bekkjardeildir og nálægð við kennara í Háskólanum á Akureyri?




Eins og Mynd 3 gefur til kynna eru nánast allir núverandi og verðandi fjölmiðlafræðingar frá Háskólanum á Akureyri mjög ánægðir með þá staðreynd að í náminu eru bekkjardeildir litlar og nálægð við kennara mikil. 24 (88,9%) segjast þannig mjög ánægðir með þá tilhögun, tveir (7,4%) frekar ánægðir og aðeins einn tekur ekki sérstaka afstöðu til þessa atriðis. Í svörum nemenda um kosti námsins kom þessi staðreynd einnig vel fram. Hlynur Birgisson (munnleg heimild, 7. apríl 2009) tók þetta sérstaklega fram og taldi þessa nánd einn stærsta kostinn við skólann og var þess fullviss að hún leiddi til betri kennslu. Aðrir viðmælendur tóku í sama streng og benti Hólmfríður Anna Aðalsteinsdóttir (munnleg heimild, 9. apríl 2009) á að með þessari nánd og smæð fengju nemendur frekar að njóta sín og liði ekki bara eins og „númeri á blaði“.

Mynd 4: Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með staðsetningu HA?



Nemendur sem hafa stundað nám í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri virðast einnig mjög ánægðir með staðsetningu skólans og nefndu raunar nokkrir svarendur það sem eina helstu ástæðu þess að þeir völdu námið. Eins og sjá má á Mynd 4 segjast 26 af 27 svarendum (96,3%) þannig mjög eða frekar ánægðir með staðsetningu skólans og enginn lítur á hana sem galla. Þegar spurt var hvers vegna nemendur báru þennan hug til staðsetningarinnar kom fram að viðhorf svarenda til bæjarins er í raun mjög jákvætt. Einnig nefna margir mikilvægi skólans fyrir bæinn en jafnframt mikilvægi bæjarins fyrir skólann og ekki síst fjölmiðlafræðina þar sem þar sé að finna mjög fjölbreytta fjölmiðlaflóru þrátt fyrir að ekki sé um stærri bæ að ræða. Nokkrir sögðust hafa komið hingað í skóla einungis til að losna við ys og þys höfuðborgarinnar og hafa þónokkrir sest hér að eftir að námi lauk. Það er því ljóst að staðsetning skólans og þar af leiðandi fjölmiðladeildarinnar er litin jákvæðum augum af þeim sem hér hafa komið til að læra.

Mynd 5: Telur þú að fjölmiðlafræðin bjóði upp á mikla (fjölbreytta) eða litla (afmarkaða) starfsmöguleika að námi loknu?



Mikill meirihluti svarenda í rannsókninni telur að nám í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri bjóði upp á mikla starfsmöguleika að námi loknu eins og sjá má á Mynd 5. 22 (81,5%) svöruðu því til á meðan 6 (18,5%) töldu að námið byði upp á afmarkaða möguleika á vinnumarkaði. Þeir sem töldu námið bjóða upp á fjölbreytta möguleika nefndu einna helst þverfagleika námsins og fjölbreytileika þess sem ástæðu fyrir svari sínu. Einnig nefndu allnokkrir að námið opnaði möguleika á ýmis konar framhaldsnámi og þar af leiðandi miklum starfsmöguleikum. Þeir sem töldu námið bjóða upp á litla möguleika að því loknu vildu hins vegar meina að námið væri ekki enn metið sem nám í mikið öðru en fréttamennsku og því afmörkuðust starfsmöguleikarnir að nokkru leyti við fjölmiðla. Einnig nefndi einn svarandi að þar sem ekki væri farið ítarlega í störf á einni tegund fjölmiðla lærðu nemendur aðeins smátt af hverju. Gera má ráð fyrir að sá svarandi hafi stefnt á starf á fjölmiðli og talið möguleikana innan þess geira vera lítinn vegna lítillar sérhæfingar. En líkt og áður sagði telja langflestir að fjölbreytileiki námsins geri það að verkum að dyr vinnumarkaðarins standi galopnar að námi loknu.

4.2.2 Gallar fjölmiðlafræðináms við Háskólann á Akureyri

Þótt almennt séð hafi niðurstöður spurningalistans verið mjög jákvæðar eru fjölmörg atriði sem nemendur bentu á að mætti bæta í náminu. Þegar þeir voru spurðir hvaða tillögur þeir hefðu að úrbótum eða viðbótum komu ýmsar hugmyndir fram. Meðal annars var nefnd sú hugmynd að bjóða upp á starfsnám sem gerði það að verkum að hver og einn nemandi gæti stjórnað áhugasviði sínu betur. Kallað var eftir markvissari áföngum í fjölmiðlafræðikenningum og einnig nefndu nokkrir nemendur sem rætt var ítarlega við að íslenskukennslu í náminu væri ábótavant. Baldur Guðmundsson (munnleg heimild, 8. apríl 2009) taldi ráðlagt að stórefla þátt Landpóstsins í náminu og að nemendum væri jafnvel gert skylt að skrifa á vefinn í gegnum allt námið. Þannig fengist stöðug reynsla í fréttaskrifum og á síðari árum námsins væri hægt að gera meiri kröfur til textasmiða. Hann vildi einnig fá meiri sérhæfingu í blaðamennsku, sérstaklega varðandi stíl og uppbyggingu fréttu. Lagði hann til að boðið væri upp á valnámskeið í þessu enda ekki allir sem stefna endilega í blaðamennsku að loknu námi.

Nokkrir sem rætt var við nefndu einnig að þeir teldu að sumir áfangar í náminu hefðu ekki staðið undir væntingum eða ekki átt heima í náminu að þeirra mati. Dagmar Ýr Stefánsdóttir (munnleg heimild, 8. apríl 2009) nefndi í þessu samhengi málstofu í nútímafræði og Baldur enskuáfanga. Sá áfangi er ekki kenndur lengur enda námið í sífelldri þróun eins og áður hefur komið fram. Einhverjir svarenda bentu á að námið væri of auðvelt og ekki nægjanlega krefjandi, þvert á hugmyndir annarra svarenda sem töldu það einmitt gera miklar kröfur til nemenda. Þarna spilar eðlilega inn í námshæfni hvers og eins. Sóley Björk Stefánsdóttir (munnleg heimild 8. apríl 2009) telur að fræðilegi hluti námsins sé veikleiki þess í núverandi mynd og að ekki sé nægilega mikið lagt í kenningafræðilega áfanga. Einnig mætti auka áherslu á nýmiðlun og þróun hennar. Hún segist þó ánægð með að boðið sé upp á nám í greininni og að möguleikarnir á áframhaldandi uppbyggingu þess séu fyrir hendi. Þá kom fram í svari í spurningalistanum að kennslu væri á stundum ábótavant og metnaðarleysi sumra kennara kæmi niður á náminu í heild.

Nemendum, og þá sérstaklega þeim sem voru í fyrstu tveimur árgöngunum í náminu, var tíðrætt um að bæta mætti skipulag og uppbyggingu námsins. Þær raddir voru lágværi hjá nemendum sem hófu nám síðar og má gera ráð fyrir að búið sé að yfirstíga margar hindranir sem stóðu í veginum þegar námið var fyrst kennt. Hólmfríður Anna Aðalsteinsdóttir (munnleg heimild, 9. apríl 2009) benti þannig á að „stundatöflufلاك“ hefði oft reynst þirrandi og að

nemendum hefði stundum fundist þeir vera að „fylla upp í“ áfanga með öðrum brautum. Hugsanlega væri hægt að koma í veg fyrir þetta með því að bjóða upp á fleiri valáfanga svo nemendur geti stýrt sínu námi í ríkari mæli.

Svarendur spurningalistans voru síður en svo á sama máli þegar kom að því hvernig skipta ætti hlutfalli starfstengdra námskeiða og þeirra akademísku. Er það eðlilegt í ljósi mismunandi áhugasviðs hvers og eins. Þónokkrir töldu að of lítil áhersla væri lögð á praktíska hlutann og kölluðu eftir aukinni kennslu í tæknilegum hlutum á borð við klippingu og upptökum og einnig ítarlegri kennslu í blaðamennsku. Með slíkri kennslu og lengri reynslu af „alvöru“ fjölmiðlun töldu sumir að tengsl við atvinnulífið væru aukin og þar af leiðandi yrðu starfsmöguleikar betri. Aðrir voru algjörlega á öndverðum meiði og vildu auka fræðilega þáttinn í náminu og töldu að ekki væri nægjanlega vel fjallað um fjölmiðla í víðara samhengi heldur einblínt um of á blaða- og fréttamennsku. Þarna endurspeglast eðlilega misjafnar skoðanir hvers og eins til námsins og vitanlega er erfitt að koma til móts við alla. Það mætti þó hugsanlega gera með auknu vali, en skort á því töldu margir hefta námið.

4.3 Skiptinám og rannsóknir

Í spurningalistanum voru nemendur beðnir um að svara hvort þeir hefðu farið í skiptinám á meðan þeir stunduðu nám í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri. Einnig voru þeir spurðir hvort, og þá hvar, þeir hefðu sótt um rannsóknarstyrki í tengslum við lokaverkefni sitt eða önnur verkefni sem þeir unnu í náminu. Enn fremur var spurt hvort nemendur hefðu gert tilraun til þess að selja B.A. verkefni sín til einhverra fyrirtækja eða stofnanna og hvort það hefði gengið eftir. Svörin við þessum spurningum komu talsvert á óvart. Einungis einn nemandi fór í skiptinám á meðan á náminu í deildinni stóð og fór það skiptinám fram í Háskóla Íslands. Verður að teljast athyglisvert að ekki skuli fleiri nemendur sjá sér hag í að reyna fyrir sér í skiptinámi og er það tillaga höfundar þessa verkefnis að reynt verði að auka við þessa hlið í náminu. Háskólinn á Akureyri á í öflugum samstarfi við ýmsa háskóla erlendis og er skiptinám í langflestum tilfellum vel til þess fallið að auka víðsýni og auka menningarläsi nemenda, hvort tveggja kostir sem eru nýtsamlegir fjölmiðlafræðinemum sem öðrum.

Einnig kom fram að einungis tveir nemendur hafi reynt að sækja um styrki til þess að fjármagna rannsókn. Annar styrkurinn kom úr Nýsköpunarsjóði og hinn frá Öryggis- og

samvinnustofnun Evrópu. Eins og áður hefur komið fram er fjölmiðlarannsóknunum á Íslandi að mörgu leyti ábótavant og því tilvalin leið að hvetja nemendur í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri til þess að stunda slíkar rannsóknir og reyna að sækja um styrki til að fjármagna þær. Þótt rannsóknirnar væru ekki stórar gætu þær virkað sem grunnur frekari rannsókna og hleypt þar með lífi í annars tiltölulega máttvæna rannsóknarvettvang. Enn fremur kom í ljós að einungis einn nemandi gerði tilraun til þess að selja B.A. verkefni sitt til, eða vinna það í samstarfi við, fyrirtæki eða stofnanir. Þarna er að mati höfundar einnig um ónýttan möguleika að ræða og væri ráðlagt að leggja til við nemendur að vinna verkefni sín í samvinnu við fyrirtæki eða stofnanir með það að markmiði að efla fjölmiðlarannsóknir héraðs.

5. Niðurstöður

Rannsóknarspurningar sem lagðar voru fram í þessari ritgerð voru þrjár. Sú fyrsta fjallaði um það hvernig fjölmiðlafræðinámi hefur verið háttað hér á landi í gegnum tíðina í samanburði við sambærilegt nám erlendis. Hér á landi hefur verið kennd einhvers konar fjölmiðlafræði í hartnær þrjá áratugi þótt einungis séu sex ár síðan boðið var uppá fullgilt B.A. nám í greininni við Háskólann á Akureyri. Þar hefur verið splæst saman hefðbundinni fræðilegri fjölmiðlafræði af ameríska skólanum annars vegar og blaðamannaskólum að norrænni fyrirmynd hins vegar með góðum árangri í aðalatriðum. Námið er ekki starfsmiðað en starfstengdir áfangar í náminu gera það þó að verkum að nemendur koma vel undirbúnir fyrir störf á fjölmiðli. Fræðilegi þáttur námsins í HA er einnig veigamikill en þar virðist þó vera þörf á ákveðinni yfirhalningu ef marka má niðurstöður þessarar rannsóknar. Þessi samsláttur akademísku hliðar námsins ásamt praktískum námskeiðum gerir það að verkum að nemendur koma almennt vel undirbúnir hvort sem er fyrir frekara nám eða beint út á vinnumarkaðinn. Þó má hvergi sofa á verðinum og er nauðsynlegt að námið haldi áfram að eflast og þróast samhliða þeim hröðu breytingum sem verða í þjóðfélaginu. Sú þróun þarf að vera í takt við það sem gengur og gerist annars staðar og er það von höfundar að sú úttekt sem hér hefur farið fram á sambærilegu fjölmiðlafræðinámi erlendis hjálpi til við þá vinnu. Framtíðarmöguleikar í greininni eru svo sannarlega fyrir hendi en þeir verða einungis nýttir ef ákafur vilji forsvarsmanna námsins í háskólum landsins er fyrir hendi sem og aukið frumkvæði og fjármagn af hálfu ríkisvaldsins.

Önnur spurningin snéri að námi og störfum útskrifaðra fjölmiðlafræðinga frá Háskólanum á Akureyri. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að talsverður hluti útskrifaðra fjölmiðlafræðinga hefur leitað í störf á fjölmiðlum. 11 af 22 svarendum (50%) sem svöruðu spurningu sem fjallaði um starfsferil þeirra höfðu á einhverjum tímapunkti starfað við fjölmiðla. Einnig höfðu allnokkrir nemendur starfað við markaðsstörf. Meðal annarra starfa sem nefnd voru má nefna uppeldisstörf, þjálfun og verslunarstörf. Einungis tveir nemendur sem hafa útskrifast sem fjölmiðlafræðingar frá Háskólanum á Akureyri hafa lokið framhaldsnámi. Þó hafa 10 hafið einhvers konar framhaldsnám og hluti þeirra er enn í námi. Athygli vekur að enginn hefur leitað sér frekari menntunar í fjölmiðlafræði en þó sækja nemendur í tengdar greinar á borð við alþjóðasamskipti, ljósmyndun og kynjafræði með áherslu á fjölmiðlun. Einnig höfðu nemendur farið í kennslufræði, stjórnmálafræði og alþjóðaviðskipti.

Þriðja og síðasta rannsóknarspurningin fjallaði um það hvaða hug fjölmiðlafræðingar bera til námsins sem þeir lögðu stund á. Niðurstöðurnar sýna að yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem stundað hafa nám við fjölmiðlafræðideild Háskólans á Akureyri eru mjög jákvæðir í garð námsins. Enginn segist óánægður með námið og þótt nemendur geti nefnt allnokkra hluti sem þeir vilja sjá gerða bragabót á virðist sem þeir geri sér grein fyrir að námið sé enn í mótun. Má því frekar líta á athugasemdirnar sem vilja til þess að hjálpa til við uppbyggingu námsins fremur en kvartanir. Almenn ánægja er einnig með staðsetningu skólans og nefna sumir nemendur hana sem eina helstu ástæðu þess að þeir völdu námið. Hið sama má segja um smæð bekkja og persónulegt yfirbragð skólans. Allt eru þetta hlutir sem nýta má í markaðssetningu á deildinni, enda veitir ekki af miðað við það hversu fámennir árgangar hafa verið þar frá upphafi. Brautskráðir nemendur hafa eins og áður segir margir hverjir starfað á fjölmiðlum eftir útskrift jafnvel þótt námið sé ekki ætlað sem blaða- og fréttamenskunám. Yfirmenn láta vel af þeim fjölmiðlafræðingum sem farið hafa að starfa á fjölmiðlum og sömuleiðis segjast nemendurnir almennt koma vel undirbúnir fyrir störf á slíkum miðli. Hið sama má segja um nemendur sem farið hafa í markaðsstörf. Þeir sem farið hafa í framhaldsnám bera margir hverjir við að fræðilegur grunnur þeirra hafi ekki verið nægjanlega góður fyrir framhaldsnám. Þetta er þó misjafnt milli svarenda en ljóst er að þarna má gera betur og efla fræðilega hluta námsins.

Þeir sem svöruðu spurningalistanum komu með ýmsar tillögur að úrbótum og lagfæringum á náminu. Má þar nefna aukinn sveigjanleika með fleiri valnámskeiðum, sterkari fræðigrunn og hagnýta íslenskukennslu svo fátt eitt sé nefnt. Auðvitað er þó um að ræða misjöfn sjónarmið meðal svarenda enda á ferðinni fjölbreyttur hópur fólks með mismunandi skoðanir og langanir.

6. Umræður

Fjölmiðlafræði er hugtak sem hentugt væri að skilgreina betur til þess að koma í veg fyrir frekari misskilning varðandi heitið. Fræðimenn eru ekki algjörlega á sama máli varðandi það hvað hugtakið þýðir og er frekari samræðna þörf til þess að leysa þennan ágreining svo greinin geti vaxið og dafnað á sínum eigin forsendum. Efla þarf umræðu í þjóðfélaginu um fjölmiðlafræði

sem fræðigrein og sömuleiðis fjölmiðlarannsóknir og er fjölmiðlafræðideildin við Háskólann á Akureyri tilvalinn vettvangur þeirrar umræðu þótt námið þar sé enn tiltölulega ungt og í mótun.

Rannsóknin sem framkvæmd var í þessu verkefni skilaði ýmsum athyglisverðum niðurstöðum. Þó er ekki hægt að líta fram hjá því að ýmsir annmarkar kunna að vera á þeirri rannsókn sem gerð var líkt og raunin er með flestar rannsóknir. Þótt svörun hafi verið hlutfallslega mjög há miðað við þýði er ekki hægt að horfa fram hjá því að þýðið er mjög smátt. Þar af leiðandi vegur hver einstaklingur mikið í svörum. Í opnum spurningum gefst þó góður kostur á að fá hugleiðingar sem flestra fram í dagsljósið og í ljósi hlutfallslegra yfirburða þeirra sem voru ánægðir með meginstoðir námsins verður ekki ályktað öðruvísi en svo að vel hafi tekist til á fyrstu árum þessa náms. Gaman væri að gera sambærilega rannsókn eftir 5, 10 eða jafnvel fleiri ár þegar mun meiri reynsla verður komin á námið og bera saman við þessa grunnrannsókn. Von höfundar er allavega sú að deildin haldi áfram að eflast og treysta sig í sessi sem öflug blanda af akademísku og praktísku námi sem nemendur láta vel af.

Nám í fjölmiðlafræði er hagnýtt nám ef marka má niðurstöður áðurnefndrar rannsóknar. Vonandi geta þær niðurstöður leitt til þess að hægt verður að efla markaðssetningu á náminu í framtíðinni með því að vísa til hagnýtni þess. Hingað til hafa fremur fáir nemendur sótt námið á ári hverju, sem í senn er mikill kostur en einnig ákveðinn galli, og að öllum líkindum er það til hagsbóta fyrir framtíðaruppbyggingu námsins ef hægt er að efla aðsókn að því með því að markaðssetja það sem hagnýtt og skemmtilegt nám sem opnar nemendum fjölmargar leiðir jafnt í námi sem starfi.

7. Heimildaskrá

- Ásgeir Tómasson. (2007). Í þjónustu lesenda. Í Birgir Guðmundsson (Ritstj.), *Íslenskir blaðamenn: Sjóarmið handhafa blaðamannaskírteina 1-10 á 110 ára afmæli Blaðamannafélags Íslands* (bls. 88-104). Reykjavík: Blaðamannafélag Íslands.
- Birgir Guðmundsson. (2002). *Praktík vs. akademía?*. Blaðamannafélag Íslands. Sótt 13. apríl 2009 af http://press.is/news/praktik_vs._akademia_
- Briggs, A. og Copley, P. (2002). *The Media: An Introduction*. Harlow: Pearson Education.
- Egill Helgason. (10. september, 2008). *Gagnslaus fjölmiðlafræði*. Sótt 12. apríl 2009 af <http://eyjan.is/silfuregils/2008/09/10/gagnslaus-fjolmidlafraedi/>
- Birgir Guðmundsson. (2009). Journalism Education in Iceland. Í Terzis, G. (Ritstj.), *European Journalism Education*. Intellect, EJC. Óbirtur bókarkafli.
- Háskóli Íslands [1]. (e.d.). *Fjölmiðlafræði*. Sótt 9. apríl 2009 af http://www.hi.is/is/felagsvisindasvid_deildir/felags_og_mannvisindadeild/nam/fjolmidlafraedi
- Háskóli Íslands [2]. (e.d.). *Blaða- og fréttamenska*. Sótt 9. apríl 2009 af http://www.hi.is/is/felagsvisindasvid_deildir/felags_og_mannvisindadeild/nam/blada_og_frettamenska
- Háskóli Íslands [3]. (e.d.). *Kennsluskrá*. Sótt 9. apríl 2009 af https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=100415_20086
- Háskólinn á Akureyri. (e.d.). *Fjölmiðlafræði*. Sótt 11. apríl 2009 af <http://unak.is/?d=5&m=page&f=viewPage&id=4>
- Jónas Kristjánsson. (e.d.). *Jónas Kristjánsson, ristjóri*. Sótt 10. apríl 2009 af <http://jonas.is/umjonas.lasso>
- Murdoch University [1]. (2008). *History of Murdoch University*. Sótt 9. apríl 2009 af <http://new.www.murdoch.edu.au/About-Murdoch/History-of-Murdoch-University/>
- Murdoch University [2]. (2008). *Murdoch – a leading Australian University*. Sótt 9. apríl 2009 af <http://new.www.murdoch.edu.au/About-Murdoch/University-profile/>
- Murdoch University [3]. (2008). *About Media (BMedia)*. Sótt 9. apríl 2009 af <http://new.www.murdoch.edu.au/Courses/Undergraduate-courses/Media-Communication-&-Culture/Media-Studies/>
- Murdoch University. (2009). *Media Studies (BMedia): Courses*. Sótt 9. apríl 2009 af <http://handbook.murdoch.edu.au/courses/detail.lasso?us=17490>

- Syddansk Universitet [1]. (2008). *SDUs Historie*. Sótt 9. apríl 2009 af http://www.sdu.dk/om_sdu/historie.aspx
- Syddansk Universitet [2]. (2008). *Uddannelsens Opbygning*. Sótt 9. apríl 2009 af http://www.sdu.dk/Uddannelse/Fuldtidsstudier/Bachelor/Journalistik/Uddannelsens_opbygning.aspx
- Syddansk Universitet [3]. (2008). *Journalistik*. Sótt 9. apríl 2009 af <http://www.sdu.dk/Uddannelse/Fuldtidsstudier/Bachelor/Journalistik.aspx>
- The Journalism School: Columbia University [1]. (2008). *History of the Journalism School*. Sótt 9. apríl 2009 af <http://www.journalism.columbia.edu/cs/ContentServer/jrn/1165270069652/page/1165270071415/JRNSimplePage2.htm>
- The Journalism School: Columbia University [2]. (2008). *Master of Science Degree*. Sótt 9. apríl 2009 af <http://www.journalism.columbia.edu/cs/ContentServer/jrn/1165270052336/page/1165270052474/simplepage.htm>
- The Journalism School: Columbia University [3]. (2008). *Master of Arts in Journalism*. Sótt 9. apríl 2009 af <http://www.journalism.columbia.edu/cs/ContentServer/jrn/1165270052332/page/1165270052391/simplepage.htm>
- The Journalism School: Columbia University [4]. (2008). *Doctor of Philosophy in Communications*. Sótt 9. apríl 2009 af <http://www.journalism.columbia.edu/cs/ContentServer/jrn/1165270052340/page/1165270091299/simplepage.htm>
- Vancouver Island University. (e.d.). *About Vancouver Island University*. Sótt 9. apríl 2009 af <http://viu.ca/about.asp>
- Vancouver Island University [1]. (2009). *BA Major Degree in Digital Media Studies*. Sótt 9. apríl 2009 af <http://www.learnnewmedia.ca/ba-major.php>
- Vancouver Island University [2]. (2009). *Index of Courses*. Sótt 9. apríl 2009 af <http://www.learnnewmedia.ca/courses.php>

8. Viðauki I – Spurningalisti

Fyrri hluti: Allir eru beðnir um að svara þessum spurningum.

- 1) Kyn:
- 2) Fæðingarár:
- 3) Hvenær laukst þú (munt þú ljúka) fjölmiðlafræðinámi við Háskólann á Akureyri?
- 4) Hvers vegna tókst þú þá ákvörðun að velja nám í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri?
- 5) Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með námið? Mjög ánægð(ur) / Frekar ánægð(ur) / Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur) / Frekar óánægð(ur) / Mjög óánægð(ur)
- 6) Nefndu þá kosti sem þér dettur í hug varðandi nám í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri
- 7) Nefndu þá ókosti sem þér dettur í hug varðandi nám í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri
- 8) Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með litlar bekkjardeildir og nálægð við kennara í Háskólanum á Akureyri? Mjög ánægð(ur) / Frekar ánægð(ur) / Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur) / Frekar óánægð(ur) / Mjög óánægð(ur)
- 9) Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með staðsetningu Háskólans (þ.e. á Akureyri)? Mjög ánægð(ur) / Frekar ánægð(ur) / Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur) / Frekar óánægð(ur) / Mjög óánægð(ur)
- 10) Hvers vegna?
- 11) Fórst þú í skiptinámi á meðan þú stundaðir nám í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri? Já / Nei
- 12) Sóttir þú um rannsóknarstyrki í tengslum við lokaverkefni þitt eða önnur verkefni á meðan þú stundaðir nám í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri? Já / Nei (Ef já við, hvaða styrki sóttir þú um og hlaust þú einhverjar styrkveitingar?)
- 13) Gerðir þú tilraun til að selja B.A. verkefni þitt til einhverra fyrirtækja eða stofnana? Ef já við, til hvaða fyrirtækja eða stofnana reyndir þú að selja verkefnið og tókst þér að selja verkefnið til einhverra fyrirtækja eða stofnana?

Síðari hluti: Einungis útskrifaðir fjölmiðlafræðingar eru beðnir um að svara þessum spurningum

- 14) Við hvað hefur þú starfað síðan þú laukst námi í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri
(vinsamlegast nefndu öll þau störf sem þú hefur unnið við frá útskrift og endaðu á því starfi sem þú ert í núna).
- 15) Hvaða nám hefur þú stundað síðan þú laukst námi í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri
(vinsamlegast nefndu allt nám sem þú hefur lagt stund á frá útskrift, loknu sem óloknu, og endaðu á því námi sem þú ert í núna)
- 16) Hvernig finnst þér fjölmiðlafræðin hafa nýst þér í þeim störfum sem þú hefur unnið frá útskrift?
- 17) Hvernig finnst þér fjölmiðlafræðin hafa nýst þér í því framhaldsnámi sem þú hefur lagt stund á?
- 18) Telur þú að fjölmiðlafræðin bjóði upp á mikla (fjölbreytta) eða litla (afmarkaða) starfsmöguleika að námi loknu (opin spurning)?
- 19) Hvers vegna?
- 20) Eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri sem tengist námi í fjölmiðlafræði við Háskólann á Akureyri (endilega nefndu allt sem þér dettur í hug, jákvætt sem neikvætt)?